

03.10.2006

Tilvísun: 2006030012

Raforkuverð til heimilisnotkunar

Á þessu ári var raforkumarkaður að fullu gefinn frjáls og landsmenn geta nú allir keypt rafmagn af þeim raforkusala sem þeir kjósa, hvort sem er til atvinnurekstrar, heimilisnotkunar eða annarra hluta. Rétt er að taka fram að samkeppnin nær einungis til framleiðslu og sölu rafmagns. Flutningur þess og dreifing er áfram sérleyfisstarfsemi undir eftirliti Orkustofnunar.


Upplýsingar um rafmagnsverð seljenda á markaði er að finna á heimasíðum Orkustofnunar (os.is) og Neytendastofu (neytendastofa.is) en stofnanirnar hafa í sameiningu sett upp reiknivél fyrir samanburð á raforkuverði. Nálgast má yfirlit um gjaldskrár fyrirtækjanna og áætla útgjöld vegna orkunotkunar til að sjá hvar hagkvæmast sé að kaupa rafmagn hverju sinni.

Raforkuverð til almennrar heimilisnotkunar á Íslandi hefur tekið litlum breytingum á undanförunum árum og er sambærilegt við það sem tíðkast í mörgum löndum Vestur-Evrópu. Á mynd 1 er borið saman raforkuverð til heimilisnotkunar á Íslandi og í nokkrum nágrannalöndum. Miðað er við 3.500 kWh notkun á ári. Verð í samanburðarlöndunum eru frá janúar 2006, en nýrri upplýsingar liggja ekki fyrir hjá Eurostat (http://epp.eurostat.ec.europa.eu/cache/ITY_OFFPUB/KS-NQ-06-011/EN/KS-NQ-06-011-EN.PDF). Sýnd eru verðin á Íslandi í janúar á gengi evrunnar gagnvart íslensku krónunni þá, svo og nú í október á núverandi gengi. Eins og sést á myndinni er samanburður við önnur lönd nokkuð háður gengi á hverjum tíma. Samanburðurinn er því mun hagstæðari fyrir Íslendinga í október en í janúar þrátt fyrir lítilsháttar verðhækkanir á sumum svæðum hérlendis, enda hefur íslenska krónan veikt gagnvart evrunni um 16% frá áramótum. Það er því ekki rétt að segja að heildarraforkuverð til heimila sé yfir meðallagi hér á landi miðað við þau lönd í Vestur-Evrópu sem notuð eru til samanburðar eins og fram kemur í grein Fréttablaðsins í dag (3. október). Á mynd 2 má sjá verðþróun á sama tímabili í íslenskum krónum og skipting á milli samkeppnishluta raforkuverðsins og sérleyfishlutans, flutnings og dreifingar. Lægsta verð á raforku sem öllum landsmönnum býðst miðað við ofangreinda notkun er nú 3,24 kr./kWh sem er minna en helmingur heildarraforkuverðs, en hinn hlutinn er flutningur og dreifing. Þær verðhækkanir sem orðið hafa á tímabilinu eru allar töluvert undir verðlagsbreytingu sem er 6,7% frá áramótum til septembermánaðar.

Yfirleitt hita landsmenn hús sín með jarðhita. Um 12% þjóðarinnar eiga þess þó ekki kost og nota flestir þeirra raforku til húshitunar. Raforka til hitunar íbúðarhúsnæðis er niðurgreidd af ríkissjóði þannig að kostnaður við rafhitun sé sambærilegur við húshitunarkostnað á þeim svæðum þar sem jarðhita nýtur við. Að sama skapi er dreifingarkostnaður raforku á strjálbýlum svæðum, þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifibýlisgjaldskrár, niðurgreiddur.

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir
aðstoðarorkumálastjóri

Samanburður á raforkuverði til heimila, 3.500 kWh á ári.



Verðsamanburður á milli dreifiveitusvæða í jan. og okt. 2006

